

Lokaorð

Þegar rannsakandi veltir fyrir sér viðfangsefni þessarar rannsóknar og spyr sig að því hvort eitthvað megi læra af þeim niðurstöðum sem hér hafa komið fram þá kemur ýmislegt upp í hugann. Íslensk fyrirtæki eru mörg hver að kljást við sama vanda og Teris og þurfa að horfast í augu við það að hafa þurft að segja upp starfsmönnum í kjölfar efnahagshrunsins. Rannsóknarspurningin spratt upp úr þeim vangaveltum hvaða áhrif uppsagnir hafa á líðan þeirra sem eftir sitja og hvaða aðgerðum stjórnendur þurfa að beita til þess að byggja upp fyrirtækið á ný. Enn fremur er mikilvægt með hvaða hætti þær aðgerðir eru framkvæmdar.

Ekki er hægt að segja að niðurstöður rannsóknarinnar hafi komið rannsakanda mikið á óvart en þær gefa vísbendingu um það að hvernig starfsmönnum leið í kjölfar uppsagnanna og hvaða aðgerðir stjórnendur réðust í. Rannsakanda fannst lærdómsríkt að kryfja viðfangsefnið þó vissulega hefði mátt fara dýpra í efnið. Ljóst er að uppbyggingarferli innan fyrirtækja eftir uppsagnir er langt ferli sem sennilega tekur aldrei enda en með markvissum aðgerðum er auðveldara að ná tókum á því ástandi sem getur skapast í kjölfar slíkra aðgerða.

Rannsakandi hefur mikinn áhuga á að þessar niðurstöður geti nýst stjórnendum sem eru að fást við uppbyggingarferli innan fyrirtækja í dag. Þó ekki væri nema sá þáttur að huga vel að upplýsingamiðlun og nýjum markmiðum í kjölfar niðurskurðar og uppsagna. Með því að setja stefnuna strax í upphafi eru líkur til þess að uppbyggingarferlið verði markvissara og nýtist betur til árangurs.

Hugsanlega er þetta ein fárra íslenskra rannsókna af þessum toga en áhugavert væri að sjá frekari og ýtarlegri rannsóknir á því hvernig stjórnendur geta staðið að uppbyggingarferli eftir uppsagnir og niðurskurð. Ekki er hægt að alhæfa um niðurstöður þessarar rannsóknar og þarf mun meira að koma til, til að það geti orðið. Þó gefa þær vísbendingar til handa þeim sem hyggja á uppbyggingu innan síns fyrirtækis.

Hér verður litið á niðurstöður sem aðstæðubundna þekkingu en ekki er gerð tilraun til að alhæfa út frá rannsókninni sem hér var gerð. Tilgangurinn var fyrst og fremst að meta áhrif uppsagna á eftirlifendur og þær aðferðir sem stjórnendur notfæra sér í uppbyggingarferlinu.

